

2. gr.

Á eftir 3. mgr. í III. kafla komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ný lögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, nýrra loftlína eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um háspennusæstrengi.

1. gr.

Háspennurafstrengir, sem lagðir eru í sjó, vötn eða ár, skulu vera sjálfvarðir gegn hnjaski og raka, þannig, að öruggt megi teljast, að þeir þoli eðlilega notkun við þær aðstæður, sem búast má við á hverjum stað. Slikir háspennustrengir verða hér á eftir nefndir háspennusæstrengir eða sæstrengir.

2. gr.

Eigi má leggja háspennusæstrengi né tengja þá við aðra hluta rafkerfis, nema áður hafi verið fengið samþykki Rafmagnseftirlits ríkisins til verksins. Ef um er að ræða lagningu slíkra strengja í sjó, þarf að jafnaði einnig samþykki vita- og hafnar-málastjóra til framkvæmdanna.

3. gr.

Þar, sem háspennusæstrengir koma á land, skal sérstaklega um þá búið til að verja þá hnjaski. Liggi háspennusæstrengir yfir siglingaleið eða veiðisvæði skipa, skal lega þeirra teiknuð á sjókort þau, sem íslenzku sjómælingarnar gefa út. Auk þess skulu sett stefnumerki, er sýni sem næst legu strengsins á siglingaleiðinni. Stefnumerki þessi, eða sæstrengsmerki, eru venjulega tvö við hvert landtak strengsins, og skal fjarlægð milli þeirra vera 50—100 m. Fremra merkið er ferhyrnt spjald, sem á er letrað „Skipalega bönnuð“, en yfir því er þríhyrnt jafnhliða spjald og snýr eitt hornið upp. Á spjaldi þessu er rautt örvarmerki. Aftara merkið er þríhyrnt jafnhliða spjald, af sömu stærð og spjaldið í fremra merkinu, en fest á hærri staur en það og snýr eitt hornið niður. Á því er einnig rautt örvarmerki. Öll eru spjöldin gul að lit. Merki þessi eru þannig staðsett, að þegar þau ber hvort í annað, er skipið sem næst því að vera yfir sæstrengnum.

Sé ljósum komið fyrir í sæstrengsmerkjunum, skal leitað samþykkis vitamálastjóra á gerð þeirra og fyrirkomulagi.

Lega háspennustrengja yfir vötn og ár skal einnig merkt á öruggan hátt og bannsvæði tilgreind á hverjum stað.

4. gr.

Öllum skipum er bannað að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni, eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum o. þ. l. á svæðum, þar sem sæstrengir liggja. Svæði þetta er að jafnaði 400 m breitt, eða 200 m belti hvoru megin sæstrengsins.

Á sama svæði er bönnuð sandtaka, grjótnám og hvers konar rót annað á fjör-
unum við landtök og á botninum, þar sem sæstrengurinn liggur.

Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri á svæði þessu.

5. gr.

Birta skal auglýsingu í Lögbirtingablaðinu um lög háspennusæstrengja ásamt
fírlitsmynd, er sýni legu þeirra.

6. gr.

Ef skip í nauð þarf að leggjast við akkeri á bannsvæði, sbr. 4. gr., eða rekur inn
á bannsvæði með akkeri eða veiðarfæri úti, skal sýna sérstaka varúð, þegar akkeri er
létt, eða veiðarfæri dregið inn. Verði þess vart, að akkerið eða veiðarfærið hafi
festzt á sæstreng, ber að slaka varlega út aftur, setja við dufl og losa akkeri eða
veiðarfæri frá skipinu.

Tilkynnt skal um þetta til eiganda strengsins eða fulltrúa hans eða næsta lög-
reglustjóra og gefa glögga skýrslu um öll málsatvik.

Aldrei má höggva háspennustreng, þar sem það er lífshættulegt þeim, er slíkt
gerir.

7. gr.

Hver, sem brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, skal sæta sektum allt að kr.
10000.00, enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sá, sem skemmir eða skaddar háspennusæstreng, ber fébótaábyrgð á því
tjóni, sem af hlýzt, eftir almennum reglum.

8. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins getur sett nánari reglur um búnað háspennusæ-
strengja og öryggisráðstafanir í sambandi við þá.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. raforkulaganna, nr. 12/1946
og öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.